

FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

27. október 2025 | 16. árgangur 15. tölublað



FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

Lausar lóðir við Lónsveg í Hörgársveit

Hörgársveit auglýsir tvær lóðir við Lónsveg lausar til umsóknar. Nánari upplýsingar má nálgast HÉR

Píludeild Smárans stofnuð

21. október var stofnuð píludeild hjá UMF Smáranum, hægt er að skrá sig í deildina HÉR. Facebook-hópur deildarinnar er Píludeild Smárans



Íþróttaskóli Smárans í íþróttahúsinu á Pelamörk

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 10-11, öll börn velkomin.

Félag eldri borgar í Hörgársveit

Félagið var stofnað í nóvember 2023 og hefur starfið þeirra verið virkt frá fyrsta degi. Öll þau sem náð hafa 60 ára aldri eru velkomin að ganga í félagið, hægt er að skrá sig HÉR

Næsti fundur sveitarstjórnar

Föstudaginn 7. nóvember klukkan 8:30.

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Föstudaginn 24. október 2025 kl. 08:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir, Jónas Þór Jónasson og Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir (vm).

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

1. Fundargerð afgreiðslufundar SBE frá 100. fundi

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð stjórnar SSNE frá 76. fundi

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð stjórnar Hafnarsamlags Norðurlands frá 301. fundi

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerðir stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga frá 985. og 986. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

5. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 314. fundi

Fundargerðin lögð fram.

6. Áskorun til Innviðaráðherra

Fyrir liggur áskorun til innviðaráðherra og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa. Þar er skorað á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að hafna tillögum innviðaráðuneytisins um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarstjórn Hörgársveitar tekur undir áskorunina og samþykkir að Axel Grettisson oddviti, skrifi undir hana fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Skógræktarfélag Íslands, erindi varðandi aðalskipulag

Erindið lagt fram.

8. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, umsókn um gistileyfi, umsögn

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II-H, frístundahús að Björgum 1.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt.

9. Menningarfélagið Hof ses, samrunaáform

Lagt fram kynningarbréf til stofnaðila Menningarfélagsins Hof ses. varðandi það að sameina félagið Menningarfélagi Akureyrar ses. Einnig lögð fram skipulagsskrá Menningarfélagsins Hofs ses. og fundargerð stjórnar Menningarfélagsins Hofs dags. 16.9.2025

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur kynnt sér bréf til stofnaðila Menningarfélagsins Hofs ses. varðandi fyrirhugaða sameiningu félagsins við Menningarfélag Akureyrar ses. ásamt fylgigögnum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða sameiningu.

10. Umdæmi Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra, breyttur

Samningur, fyrri umræða

Samningur ellefu sveitarfélaga um barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa samningnum til síðari umræðu í sveitarstjórn.

11. Göngu- og hjólastígur

Umræður um stöðu mála.

12. Fjárhagsáætlun 2026

Umræður og undirbúningur.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 10:15

Skráning á póstlista fréttabréfsins

